



STUÐNINGUR
FORELDRA
SKIPTIR MÁLI!



VERUM TIL
STAÐAR FYRIR
HVERT ANNAD



TAKTU ÞÁTT!
HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI



Fjölskylduleikir

Elísabet Ingvarsdóttir

FJÖLSKYLDULEIKIR - Whiteboard

Fjölskylduleikir

Tonlist:

Að búa til tonlist saman getur verið skemmtilegt. Á netinu eru til allskonar ókeypis forrit og vefsíður þar sem hægt er að leika sér og dunda sér við að búa til tonlist saman

Hefóir:

Að búa sér til hefóir er eitthvað sem öll ættu að reyna að gera, hvort sem það er með fjölskyldu eða vinum. Hefóir tengdar jólnum eru alltaf skemmtilegar, t.d. má nefna möndiugarut, laufabrauð, jólapúkk og fleira.

Sund:

Að fara í sund saman er frábær afþreying og getur verið mjög gaman. Áð visu er orðið frekar dyrt að fara í sund nú til dags en ef maður á kort í einhverja laug er mikið vægt að nýta það vel. Skemmtilegir leikir sem hægt er að fara í sundi eru t.d. grsinn í miðjunni, prins pólo, blak, sundkeppni, rennibrautarkeppni (hver á besta tímann niður rennibrautina), skalla og gripa, hafmeyjuleik og í rauninn bara allt sem manni dettur í hug því hugmyndirnar endalausar.

Útvera:

Útvera eins og að fara saman út í göngutúr, hlaupa, hjóla, skíða, sleða og skauta. Það að fara út í náttúruna gefur manni svo örúlega mikið og er mjög gott fyrir bæði líkama og sál. Meðan á útverunni stendur er hægt að spjalla saman um lífið og tilveruna, vera með tonlist, setja sér markmið, segja frá draumum og peppa hvort annað.

Útilega:

Það getur verið spjalllega gaman að fara í útilegu með fjölskyldu og vinum. Áð visu er yfirleitt bara hægt að fara í útilegu á sumrin og því mikið vægt að nýta þann tíma vel í að ferðast um landið ef áhugi er fyrir. Það að fara í útilegu þarf ekki að vera neitt tilvaldelega dyrt. Það er mun ódýrara en utmalandsferðir og að grísta á hotellum. Ef maður er duglegur og kíar að spara sér á að vera hægt að fara í útilegu sem kostar ekki mikið. Að fara með fjöldi, vera vel nestuð, gott skipulag og góða skapnið með í ferðina eru góð tía fyrir skemmtilega og nokkuð ódýra útilegu.

Kubbur:

Kubbur er frábær sumarleikur. Hentar vel í útileguna eða matarboðið og best að spila hann í góðu veðri. Leikurinn snýst um það að tvö líð spila á móti hvort öðru og eiga að reyna að fella kubba með því að kasta kefli í þá. Leikurinn vinnst síðan með því að fella alla kubba og svo kónginn. Mjög mikil stemming og mjög gaman.

Púsl:

Að púsla er mjög róandi og mjög góð samverustund. Öll, ungrir sem og aldrir, ættu að geta fundið púsl við slitt hæfi. Það getur verið mjög gott að púsla eftir langan og annasaman dag og hvað þá að spjalla saman eða hlusta á tonlist.

Spil:

Til er endalást af spilum, enda er það frábær samverustund og hægt að hafa sjúklega gaman. Inná neti má finna endalást af skemmtilegum spilum þar sem bæði er hægt að nota 52 spil og borðspil. Spilavinir og Penninn bjóða uppá frábært úrval spila þar sem öll ættu að geta fundið eitthvað sem þeim líkar

Kapalskeppni:

Það getur verið mjög gaman að fara í kapalskeppni þar sem oftast myndast mikil spennu og keppnisskap. Hægt er að finna endalástur tegundir af köplum á netinu. Fyrir kapalskeppni er t.d. Kóngakapallinn mjög skemmtilegur. Annars þarf líka ekki að vera keppni, getur verið mjög gott að setjast niður í rólegheitum og leggja kapal saman.

Skemmtilegar afþreyingar sem kosta lítið eða ekkert

Leikir sem þarfnast búnaðar

Leikir sem hægt er að fara í hvar sem er, hvenær sem er

Elda/baka:

Það að elda eða baka saman er mjög gaman og getur ræktað sambönd. Að enda á því að borða saman það sem var eldað/bakað toppar svo samverustundina.

Hver er maðurinn?:

Þessi er alltaf klassískur og flestir þekkja hann. Einhver velur manneskju og hinir eiga að reyna að finna út hver manneskjan er með því að spyrja já og nei spurninga. Hægt að spila hvar sem er, hvenær sem er.

Bilaleikurinn

Þessi leikur er tilvalinn ef ferðast er lengi í bíl. Þá velur hver og einn sem tekur þátt lít á bíl. Enginn má velja sama lit. Ef síðan bíll sem er á litinn eins og einhver valdi fær sá keppandi sem valdi litinn stig. Leikurinn er svo spilaður þangað til einhver nær ákveðnum fjölda af stigum (10, 15, 30 eða bara eins og maður ákveður)

Pressa:

Í þessum leik er valinn flokkur (t.d. litur, ávöxtur, teiknimyndapersona). Allir segja eitthvað sem passar inn í flokkinn og þannig gengur það hringinn. Þangað til einhver frýs eða segir eitthvað sem hefur verið sagt nú þegar. Þá fær sá hinn sami mínusstig. Leikurinn er tilvalinn á löngu ferðalagi eða þegar bedið er lengi í röð.

Leikir sem þarfnast búnaðar

Púsl

Að púsla er mjög róandi og mjög góð samverustund. Allir, ungir sem og aldnir, ættu að geta fundið púsl við sitt hæfi. Það getur verið mjög gott að púsla eftir langan og annasaman dag, hvað þá að spjalla saman eða hlusta á tónlist á meðan



Kapalskeppni

Það getur verið mjög gaman að fara í kapalskeppni þar sem oftast myndast mikil spenna og keppnisskap. Hægt er að finna endalausar tegundir af köplum á netinu. Fyrir kapalskeppni er t.d. Kóngakapall mjög skemmtilegur. Annars þarf ekki að vera keppni, getur verið mjög gott að setjast niður í rólegheitum og leggja kapal saman.



Kubbur

Kubbur er frábær sumarleikur. Hentar vel í útileguna eða matarboðið. Best er að spila hann í góðu veðri. Leikurinn snýst um það að tvö lið spila á móti hvort öðru ig eiga að reyna að fella kubba með því að kasta kefli í þá. Leikurinn vinnst síðan með því að fella alla kubbana og svo kónginn. Mjög mikil stemning og mjög gaman.




Spil

Til er endalaust af spilum, enda er það frábær samverustund og hægt að hafa sjúklega gaman. Inná neti má finna endalaust af skemmtilegum spilum þar sem bæði er hægt að nota 52 spil og borðspil. Spilavinir og Penninn bjóða uppá frábær úrval spila þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað sem heim finnet skemmtilegt

Leikir sem hægt er að fara í hvar sem er, hvenær sem er

Hver er maðurinn?

Þessi er alltaf klassískur og flestir þekkja hann. Einhver velur manneskju og hinir eiga að reyna að finna út hver manneskjan er með því að spyrja já og nei spurninga. Hægt að spila hvar sem er, hvenær sem er.




Pressa/brain freeze

Í þessum leik er valinn flokkur (t.d. litur, ávöxtur, teiknimyndapersóna). Allir segja eitthvað sem passar inn í flokkinn og þannig gengur það hringinn. Þangað til einhver frýs eða segir eitthvað sem hefur verið sagt nú þegar. Þá fær sá hinn sami mínusstig. Leikurinn er tilvalinn á löngu ferðalagi eða þegar beðið er lengi í röð.

Bílaleikurinn


Þessi leikur er tilvalinn ef ferðast er lengi í bíl. Þá velur hver og einn sem tekur þátt lit á bíl. Enginn má velja sama lit. Ef síðan bíll sem er á litinn eins og einhver valdi fær sá keppandi sem valdi litinn stig. Leikurinn er svo spilaður þangað til einhver nær ákveðnum fjölda af stigum (10,15, 30 eða bara eins og maður ákveður).



Skemmtilegar afþreyingar sem kosta lítið eða ekkert

Sund

Að fara í sund saman er frábær afþreying og getur verið mjög gaman. Að vísu er orðið frekar dýrt að fara í sund nú til dags en ef maður á kort í einhverja laug er mikilvægt að nýta það vel. Skemmtilegir leikir sem hægt er að fara í í sundi eru t.d. grísinn í miðjunni, prins póló, blak, sundkeppni, rennibrautarkeppni (hver á besta tímunn niður rennibrautina), skalla og grípa, hafmeyjuleik og í rauninni bara allt sem manni dettur í hug því hugmyndirnar eru endalaugar!





Útivera

Útivera eins og að fara saman út í göngutúr, hlaupa, hjóla, skíða, sleða eða skauta. Það að fara út í náttúruna gefur manni svo ótrúlega mikið og er mjög gott fyrir bæði líkama og sál. Meðan á útiverunni stendur er hægt að spjalla saman um lífið og tilveruna, vera með tónlist, setja sér markmið, segja frá draumum og peppa hvort annað.

Tónlist

Að búa til tónlist saman getur verið skemmtilegt. Á netinu eru til allskonar ókeypis forrit og vefsíður þar sem hægt er að leika sér og dunda sér við að búa til tónlist saman.



Skemmtilegar afþreyingar sem kosta lítið eða ekkert frh.



Útilega

Það getur verið sjúklega gaman að fara í útilegu með fjölskyldu og vinum. Að vísu er yfirleitt bara hægt að fara í útilegu á sumrin og því mikilvægt að nýta þann tíma vel í að ferða um landið ef áhugi er fyrir. Það að fara í útilegu þarf ekki að vera neitt bilaðslega dýrt. Það er t.d. mun ódýrara en utanlandsferðir og gista á hótelum. Ef maður er duglegur og klár að spara sér á að vera hægt að safna sér fyrir útilegu sem kostar ekki mikið. Að fara með tjald, vera vel nestuð, gott skipulag og góða skapið með í ferðina eru góð trix fyrir skemmtilega og nokkuð ódýra útilegu.

Hefðir

Að búa sér til hefðir er eitthvað sem allir ættu að reyna að gera, hvort sem það er með fjölskyldu eða vinum. Hefðir tengdar jólunum eru mínar uppáhalds, t.d. má nefna möndlugraut, laufabrauð, jólapúkk og fleira.



Mitt uppáhalds

Fela hlut

Fela hlut var minn allra uppáhaldsleikur þegar ég var yngri. Leikurinn gengur út á það að maður á að fela hlut (þarf að sjást smá í hann) og svo leitar andstæðingurinn að hlutum. Ef sá sem leitar að hlutum er nálægt honum má sá sem faldi hann gefa hint með því að segja þú ert heitur eða kaldur, fiskur eða fugl.



Elda/baka


Það að elda eð baka saman er mjög gaman og getur ræktað sambönd. Að enda á því að borða saman það sem var eldað/bakað toppar svo samverustundina.

Just dance

Þegar ég var yngri fannst mér mesta stemningin að finna just dance myndbönd á Youtube og herma síðan eftir dansinum. Það var langskemmtilegast þegar mamma dansaði með mér og stundum náði ég eldri systur mínum með

Rúntur

Það að fara á rúntinn getur verið algjör stemning. Það þarf ekki að vera flókið. Fara út í bíl, setja á góða tónlist og njóta. Það verður að viðurkennast að bestu rúntarnir eru ísrúntar



Nammisalat

Það er fátt sem toppar góða nammiskál að mínu mati. Nammiskál er fullkomin til að gera vel við sig af og til. Það skemmtilegasta er þegar maður gerir nammisklál með öðrum (fjölskyldu eða vinum) og allir koma með poka af sínu uppáhalds nammi. Svo er öllu blandað saman í eina stóra skál og svo njóta allir.



Takk fyrir að hlusta:)

Elísabet